

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2009

Flugmálastjórn hefur ákveðið að frá og með 5. maí 2009 skulu kröfur skv. ákvæðum reglugerða framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1056/2008 og nr. 1057/2008 frá 27. október 2008 vera í gildi gagnvart viðurkenndum viðhaldsstöðvum, viðhaldsvottum og handhöfum flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands. Fyrri reglugerðin er breyting á reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2042/2003 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 206 frá 28. febrúar 2007, um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði. Seinni reglugerðin er breyting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 205 frá 28. febrúar 2007, um lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. maí 2009.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2009